

Starfsreglur um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Kirkjuþing kýs kjaranefnd Þjóðkirkjunnar. Í starfsreglum þessum skal heiti nefndarinnar vera kjaranefnd kirkjunnar.

2. gr.

Hlutverk kjaranefndar kirkjunnar er:

1. Að gæta hagsmuna Þjóðkirkjunnar gagnvart samtökum þeirra launþega sem ráðnir eru þar til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör.
2. Að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd Þjóðkirkjunnar gagnvart stéttarfélögum hlutaðeigandi starfsfólks eða öðrum þeim, sem umboð hafa til slíkrar samningsgerðar.
3. Að vinna að því að móta starfskjarastefnu Þjóðkirkjunnar.
4. Að ákvarða laun biskups Íslands og vígslubiskupa.

3. gr.

Kjaranefnd kirkjunnar hefur ótakmarkað umboð til samningsgerðar við þá sem tilgreindir eru í 2. tölul. 2. gr. [...] ¹⁾

1) Starfsrgl. 55/2021-2022, 1. gr.

4. gr.

Þegar kjaranefnd ákvarðar laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa aflar nefndin af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga. Í því skyni getur nefndin óskað eftir skýrslum, munnlegum og/eða skriflegum til að tryggja fagleg vinnubrögð, að mál séu hæfilega rannsökuð áður en ákvarðanir eru teknar og að þeir sem ákvarðanir beinast að komi sjónarmiðum sínum að. Nefndin getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir kjaranefnd.

Kjaranefnd skal meta árlega hvort tilefni sé til breytinga á launum biskups Íslands og vígslubiskupa.

5. gr.

Kjaranefnd kirkjunnar er skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn. Skulu nefndarmenn vera skráðir í Þjóðkirkjuna og mega þeir ekki gegna launuðu starfi sem greitt er fyrir af hálfu Þjóðkirkjunnar. Enginn

getur setið nema tvö kjörtímabil samfelld í nefndinni. Nefndin er kosin á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kirkjuþingskosningar. Kirkjuþing ákveður hver skuli vera formaður kjaranefndarinnar, auk þess sem kosinn skal varaformaður. Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til. Skal fyrsti varamaður gegna formennsku í kjaranefndinni hátti svo til að allir aðalmenn í kjaranefnd starfi ekki að tilteknum samningum. Forfallist aðal- eða varamaður í kjaranefnd kirkjunnar varanlega, skal á næsta kirkjuþingi kjósa nýjan í hans stað er sitji út kjörtímabil nefndarinnar. Skyld er nefndarmönnum að gæta þagmælsku um það sem fram kemur á fundum og leynt á að fara eftir ákvörðun fundar eða samkvæmt eðli máls.

6. gr.

Formaður kjaranefndar kirkjunnar ákveður hvenær nefndin skuli koma saman og hvar fundir skulu haldnir. Skyld er þó að kalla nefndina saman ef meiri hluti nefndarmanna óskar þess. Fundir í kjaranefnd kirkjunnar eru lögmætir hafi þeir verið boðaðir með minnst eins sólarhrings fyrirvara með dagskrá.

7. gr.

Fundargerðir kjaranefndarinnar skulu, svo fljótt sem auðið er, vera aðgengilegar í gagnaherbergi kirkjuþings. Þjóðkirkjan annast nauðsynlega þjónustu við kjaranefndina eins og nefndin kann að óska eftir. Þóknananefnd Þjóðkirkjunnar ákvarðar þóknun til kjaranefndar kirkjunnar.

8. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef Þjóðkirkjunnar.

Samþykkt á kirkjuþingi 25. október 2021 og birt á opnum vef kirkjunnar 2. nóvember 2021.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

Það athugist að starfsreglur þessar voru áður gefnar út í svonefndum kirkjuþingstíðindum og fengu þá númerið 5/2021. Vegna breytts númerakerfis starfsreglna kirkjuþings, þar sem málnúmer og ártal kirkjuþings ræður hvernig starfsreglur eru númeraðar, eru reglurnar númeraðar upp á nýtt.